

## Fundur keppnisráðs í torfæru

**Staður og tími:** Zoom - 21.september 2021 kl 20:30

**Mætt:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ragnar Róbertsson (RR), Kristján Finnur Sæmundsson (KFS), Baldur Gíslason (BG), Valdimar Geir Valdimarsson (VGV)

**Fjarverandi:** Sigurður Haukur Einarsson (SHE),

1. Keppendafundur
2. Keppnisdagatal 2022
3. Reglubreytingar
4. Akstursípróttamaður ársins
5. Önnur mál
6. Næsti fundur

---

*AÓS ritaði fundargerð*

### 1. Keppendafundur.

Stefnt er að því að halda fund með keppendum miðvikudaginn 13.október kl 20:00  
AÓS ætlar að kanna hjá keppendum hvort sú tímasetning geti gengið.

### 2. Keppnisdagatal 2022.

Fyrirhugaðar er að verði 6-7 umferðir í Íslandsmóttinu árið 2022, á 4 helgum, vonin er að það verði tvær til þrjár tveggja daga keppni og ein til tvær eins dags keppni. Keppnirnar munu dreifast jafnt yfir sumarið og "frí" yfir hásumarið.

Tillaga keppnisráðs er að dagatalið hljóði sem hér stendur, og leggur það til við keppnishaldara:

*Hella 7.-8. maí*

*Egilsstaðir 4.-5. júní*

*Akureyri 30.-31.júlí*

*Akranes 20.ágúst*

Þetta dagatal er þó að öllu óstaðfest.

### 3. Reglubreytingar.

Farið yfir tillögur að reglubreytingum frá keppendum.

Farið yfir aðrar tillögur að reglubreytingum sem kynntar verða á keppendafundi.

### 4. Akstursípróttamaður ársins.

Sett af stað umræða um tillögur til tilnefninga.

### 5. Önnur mál.

Athuga hvort skoða þurfi fyrir keppni, tímann sem tekur að ná öikumönnum úr bíl sínum.

Ábendingar hafa borist bæði frá öryggisráði og öðrum að fjöldi fólks á brautarsvæði og í pít sé of mikill. Skerpa þarf á því að auka fólk og sérstaklega börn séu uppi í brekku á meðan keppni stendur.

**6. Næsti fundur.**

Ákveðið síðar.

**7. Fundi slitið kl 22:30**